



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 24. maí 2022

Samkeppnisréttarstefna KSÍ

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 19. maí sl. samþykkti stjórn KSÍ nýja samkeppnisréttarstefnu sambandsins.

Forsagan að setningu stefnunnar er sú að á árinu 2017 setti Samkeppniseftirlitið fram athugasemdir við samræmingu miðaverðs á leiki í efstu deild. Í kjölfarið, eða í lok árs 2017, gerði KSÍ sátt við Samkeppniseftirlitið vegna málsins. Með vísan til 16. gr. samkeppnislaga og í því skyni að stuðla að því að starfsemi á vettvangi KSÍ sé í samræmi við samkeppnislög skuldbatt sambandið sig m.a. til þess að innleiða samkeppnisréttaráætlun / -stefnu þar sem fjallað yrði um hvernig starfsemi sambandsins lýtur samkeppnislögum auk þess sem þar yrði kveðið á um verklag innan sambandsins sem miðar að því að tryggja eftirfylgni við sáttina og samkeppnislög.

Til bráðabirgða setti KSÍ saman stefnu sem birt var á vef sambandsins en nýverið var lokið við gerð endanlegrar stefnu sem nú hefur verið samþykkt af stjórn KSÍ.

Hér að aftan er að finna stefnuna í heild sinni.

Frétt á vef Samkeppniseftirlitsins: <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/3034>

Sátt vegna birtingar Knattspyrnusambands Íslands á lágmarksverði aðgöngumiða í efstu deild karla í knattspyrnu : <https://www.samkeppni.is/media/skjol/ksi.pdf>

SAMKEPPNISRÉTTARSTEFNA

A. Inngangur

Með samkeppnisréttarstefnu þessari er skjalfestur sá ásetningur stjórnar og stjórnenda Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) að starfsemi sambandsins og aðildarféлага þess sé í góðu samræmi við gildandi samkeppnislög og viðurkennd viðmið í samkeppnisrétti. Innleiðing stefnunnar felur í sér viðleitni af hálfu KSÍ til að lágmarka hættu á árekstrum við ákvæði samkeppnislaga vegna ákvarðana eða háttsemi sem KSÍ getur borið ábyrgð á.

Stefnan er unnin á vettvangi stjórnar KSÍ sem og af viðkomandi stjórnendum og starfsmönnum, auk sérfróðs ráðgjafa.

Stjórn KSÍ er ábyrgðaraðili fyrir innleiðingu og framkvæmd samkeppnisréttarstefnunnar. Henni skal dreift til aðildarfélaga til kynningar og hún skal einnig vera aðgengileg á heimasíðu KSÍ.

B. Stefnyfirlýsing

Samkeppnislög eru sett til að efla virka samkeppni og vinna gegn viðskiptaháttum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé raskað eða hún takmörkuð. KSÍ leggur ríka áherslu á að aðildarfélög sambandsins ástundi öfluga og sanngjarna samkeppni og virði í hvívetna ákvæði samkeppnislaga. Að sama skapi gerir KSÍ ríkar kröfur hvað varðar eftirfylgni með samkeppnislögum gagnvart eigin starfsemi sambandsins.

Stjórn KSÍ og stjórnendur aðildarfélaga bera ábyrgð á því að kynna fyrir aðildarfélögum og starfsmönnum þeirra samkeppnisréttarstefnu KSÍ og sjá til þess að henni sé fylgt í hvívetna. Verði aðilar uppvísir að því að brjóta gegn samkeppnislögum í störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi kann því að fylgja ábyrgð samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga.

KSÍ áréttir mikilvægi þess að allt starf á vettvangi sambandsins, hvort sem það er starfsemi stjórnar, skrifstofu KSÍ eða í nefndum eða ráðum á vegum sambandsins, sé ávallt framkvæmt að teknu tilliti til ákvæða samkeppnislaga. Tekur þetta einnig til ráðgjafa og verkefnaráðinna starfsmanna KSÍ. Það sama á við um alla stefnumótum eða áætlunargerð á vettvangi KSÍ sem skal ávallt vera unnin að teknu tilliti til ákvæðasamkeppnislaga.

Með framangreint í huga leggur KSÍ áherslu á eftirfarandi:

- Stjórnendur og starfsmenn KSÍ skulu tileinka sér góða vitund og jákvætt viðhorf til samkeppnislaga og samkeppnisreglna. Slík viðhorf birtast m.a. í því að aðlaga sig að þeim málefnalegu kröfum sem gera má til sambandsins með hliðsjón af ákvæðum samkeppnislaga, þar með talið háttsemi þess sjálfs, stjórnenda og starfsmanna.
- Stjórnendur og starfsmenn KSÍ skulu sækja sér fræðslu um ákvæði samkeppnislaga og samkeppnisreglur og hvernig á þær getur reynt í starfsemi sambandsins. Umsjón með framkvæmd samkeppnisréttarstefnu KSÍ er í höndum lögfræðings sambandsins og veitir hann, og/eða aðrir lögfræðingar sem stjórn eða stjórnendur KSÍ kalla til, ráðgjöf og aðstoð um úrlausn samkeppnisréttarlegra álitaeftna. Meginábyrgðin hvílir þó á einstökum stjórnendum og starfsmönnum að starfa í samræmi við samkeppnislög og samkeppnisréttarstefnu KSÍ.
- Fagleg umgengni um samkeppnislög og samkeppnisréttarstefnu KSÍ skal vera eðlislægur hluti af starfsháttum sambandsins. Brjóti stjórnendur eða starfsmenn gegn samkeppnislögum af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi getur það leitt við viðurlaga í starfi, auk þeirrar ábyrgðar sem slíku getur fylgt samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga.
- Stjórnendur og starfsmenn KSÍ skulu sýna aðgæslu og fagmennsku í samskiptum við alla aðila þar sem reynt getur á ákvæði samkeppnislaga.

C. Afleiðingar samkeppnisbrota

Mikilvægt er að koma í veg fyrir eða takmarka eins og unnt er áhættu af samkeppnisbroti. Slík brot geta enda haft alvarlegar afleiðingar í för með sér:

- Brot á samkeppnislögum vinna gegn heilbrigðri samkeppni og eru til þess fallin að valda neytendum og samfélaginu öllu tjóni;
- Brot á samkeppnislögum skaða orðspor og valda álitshnekki;

- Sektor vegna samkeppnislaga brota geta numið allt að 10% af heildarársveltu fyrirtækis/fyrirtækjasamstæðu;
- Starfsmaður eða stjórnarmaður sem framkvæmir, hvetur til eða kemur til leiðar ólögættu samráði eða samstilltum aðgerðum keppnauta getur átt yfir höfði sér refsingu samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga. Tilraun til brots eða hlutdeild í broti getur einnig varðað refsingu;
- Mikill kostnaður fylgir því að bregðast við rannsóknnum samkeppnisfirvalda. Þar með talið er tapaður vinnutími starfsmanna og stjórnenda, lögfræðikostnaður og annar sérfræðikostnaður;
- Samningar sem brjóta í bága við bannreglur samkeppnislaga eða ákvarðanir samkeppnisfirvalda eru ógildir;
- Skaðabótakröfur frá þeim sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni vegna samkeppnisbrots geta numið háum fjárhæðum.

D. Menntun og fræðsla til stjórnenda og starfsmanna

Til þess að tryggja framgöngu samkeppnisréttarstefnu KSÍ skulu stjórnendur og starfsmenn sambandsins fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun um samkeppnisreglur og lög. Í þessu skyni skal, þegar tilefni er til, haldið námskeið og útbúið og/eða haft aðgengilegt upplýsingaefni um samkeppnismál. Tilgangur þessa er að:

- Stjórnendur og starfsfólk öðlist skilning og þekkingu á grundvallaratriðum samkeppnisréttar og hvernig samkeppnisreglur taka til starfsemi KSÍ;
- Stjórnendur og starfsfólk öðlist hæfni til að koma auga á og afstýra mögulegum brotum gegn samkeppnislögum;
- Stjórnendur og starfsfólk sýni persónulegan metnað og skuldbindingu til að fylgja samkeppnisréttarstefnunni.

E. Umsjón með framkvæmd samkeppnisréttarstefnu KSÍ

Samkeppnislög og -reglur eru matskennd og víðtæk. Samkeppnisréttarstefnu þessari er ekki ætlað að veita svör við öllum álitaefnum sem upp geta komið í tengslum við samkeppnismál. Ábyrgðaraðili samkeppnisréttarstefnunnar er stjórn KSÍ.

Lögfræðingur KSÍ gegnir mikilvægu hlutverki varðandi innleiðingu og umsjón með samkeppnisréttarstefnunni. Hlutverk hans er m.a. að vera stjórnendum og starfsmönnum til stuðnings og ráðgjafar varðandi álitaefni sem upp kunna að koma. Séu stjórnendur eða starfsmenn í vafa um hvort fyrirætlanir eða kringumstæður séu samþýðanlegar samkeppnisreglum ber þeim að leita ráðgjafar lögfræðings KSÍ. Þeir skulu jafnframt leita til lögfræðings KSÍ telji þeir að brot gegn samkeppnislögum hafi átt sér stað sem varði starfsemi eða hagsmuni KSÍ. Lögfræðingur KSÍ, eftir atvikum í samráði við stjórn KSÍ, getur leitað utanaðkomandi ráðgjafar eða aðstoðar vegna samkeppnisréttarlegra álitaefna eða framkvæmdar samkeppnisréttarstefnunnar.

Ef atvik benda til þess að brot gegn samkeppnislögum hafi átt sér stað sem varðar starfsemi eða hagsmuni KSÍ ber lögfræðingi sambandsins að grípa til viðeigandi ráðstafana. Hann skal láta vinna nauðsynlega innri athugun og meta hvort málið sé þess eðlis að leita beri til Samkeppniseftirlitsins vegna þess.

Helstu verkefni lögfræðings KSÍ vegna umsjónar með samkeppnisréttarstefnunni eru að:

- Veita ráðgjöf um samkeppnisréttarleg álitaefni eða tryggja að slík ráðgjöf sé í boði;
- Taka við ábendingum um háttsemi eða atvik sem meta þarf m.t.t. samkeppnisreglna;

- Bera ábyrgð á samskiptum við samkeppnisyrfirvöld og önnur stjórnvöld eftir atvikum vegna samkeppnismála, annast gagnaöflun vegna rannsókna samkeppnisyrfirvalda eða athuguna á starfsháttum KSÍ;
- Ákveða áherslur varðandi fræðslu um samkeppnisrétt og, þegar við á, sjá til þess að stjórnendur og starfsmenn fái viðeigandi þjálfun um samkeppnismál eftir því sem hæfir stöðu og verkefnum hvers og eins.
- Upplýsa stjórn KSÍ þegar í stað ef grunur vaknar um að samkeppnisbrot hafi átt sér stað sem varðar starfsemi eða hagsmuni KSÍ.

F. Ferli við tilkynningu samkeppnislaga brota

Ef starfsmaður verður þess var að samskipti hafi átt sér stað eða háttsemi viðhöfð sem geta falið í sér brot á samkeppnislögum er starfsmaður eindregið hvattur til að upplýsa lögfræðing KSÍ um slíkt án tafar.

Lögfræðingur KSÍ skal bregðast þegar við og framkvæma nauðsynlega athugun eins og hægt er til að leggja rökstutt mat á hvort ábending eigi við rök að styðjast. Hann skal jafnframt upplýsa stjórn KSÍ um tilvikið.

Þegar lögfræðingur KSÍ hefur lokið athugun skal hann kynna niðurstöður sínar fyrir stjórn KSÍ sem skal að því loknu meta hvort mál sé þess eðlis að það skuli kynnt fyrir Samkeppniseftirlitinu. Í því getur falist að upplýsa um atvik, gefa yfirlýsingu um samstarfsvilja KSÍ við rannsókn og/eða óska eftir hlífðarmeðferð (e. leniency), þ.e. niðurfellingu eða lækkun hugsanlegra sekta sem við broti geta legið.

G. Aðild að KSÍ

Skilyrði aðildar að KSÍ skulu vera gegnsæ, málefnaleg og hlutlaus og skal gerð grein fyrir þeim í lögum og reglugerðum KSÍ á hverjum tíma. Skal öllum er uppfylla skilyrðin heimil innganga í samtökin enda uppfylli viðkomandi félag önnur aðildarskilyrði laga og reglugerða ÍSÍ.

H. Samskipti - Öflun og miðlun upplýsinga

Þátttaka í starfi KSÍ felur m.a. í sér miðlun á upplýsingum og reynslu og þátttöku í umræðu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfélaga.

Við öflun og miðlun upplýsinga á vettvangi KSÍ skal í hvívetna gætt að trúnaði og verklag ávallt vera með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að viðkvæmar eða sérgreinanlegar upplýsingar einstakra aðildarfélaga geti borist í hendur annarra aðildarfélaga eða þriðja aðila.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Kolbrún Arnardóttir

Kolbrún Arnardóttir,
lögfræðingur hjá KSÍ